




# Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar  
janúar – september 2022

1. Aðalsjóður .....	2
1.1 Íþróttta- og tómstundasvið .....	5
1.2 Menningar og ferðamálasvið .....	7
1.3 Skóla- og frístundasvið .....	8
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið .....	17
1.5 Velferðarsvið .....	19
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir .....	22
1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu .....	24
1.7 Sameiginlegur kostnaður .....	25
1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið .....	27
1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið .....	28
1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið .....	29
1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	30
2. Eignasjóður .....	31
2.1 Eignaskrifstofa (ESR) .....	34
2.2 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) .....	35
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) .....	36
3. Lykiltölur mannauðs .....	37

---

# 1. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2022-09	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Staðgreiðsla	77.507	77.852	-345	-0,4%	70.439	7.068	10,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-9.885	-9.437	-448	4,7%	-9.138	-747	8,2%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.884	2.556	328	12,8%	4.878	-1.993	-40,9%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>70.507</b>	<b>70.971</b>	<b>-464</b>	<b>-0,7%</b>	<b>66.179</b>	<b>4.328</b>	<b>6,5%</b>
Fasteignaskattar	19.683	19.598	85	0,43%	18.378	1.305	7,1%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>90.190</b>	<b>90.569</b>	<b>-379</b>	<b>-0,4%</b>	<b>84.557</b>	<b>5.633</b>	<b>6,7%</b>
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	1.780	1.681	100	5,9%	1.422	359	25,2%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	597	522	75	14,3%	522	75	14,5%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	493	450	43	9,5%	653	-160	-24,6%
Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv.	230	230	0	0,0%	210	20	9,7%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	856	265	591	223,4%	766	90	11,7%
Ýmsir styrkir	311	135	177	131,2%	353	-41	-11,7%
<b>Endurgeiðslur annarra samtals:</b>	<b>4.268</b>	<b>3.283</b>	<b>985</b>	<b>30,0%</b>	<b>3.926</b>	<b>342</b>	<b>8,7%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	6.920	6.721	198	3,0%	5.882	1.038	17,6%
Þjónustutekjur	8.721	8.318	403	4,8%	7.598	1.123	14,8%
Eignatekjur	445	355	90	25,3%	423	22	5,2%
Aðrar tekjur	2.155	1.908	247	13,0%	2.060	96	4,6%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>112.699</b>	<b>111.154</b>	<b>1.544</b>	<b>1,4%</b>	<b>104.444</b>	<b>8.254</b>	<b>7,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	-66.304	-64.566	-1.737	2,7%	-61.262	-5.042	8,2%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-2.925	-2.025	-900	44,4%	-2.513	-413	16,4%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-69.229</b>	<b>-66.591</b>	<b>-2.637</b>	<b>4,0%</b>	<b>-63.774</b>	<b>-5.454</b>	<b>8,6%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-64.701	-61.710	-2.991	4,8%	-56.474	-8.227	14,6%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-133.929</b>	<b>-128.302</b>	<b>-5.628</b>	<b>4,4%</b>	<b>-120.248</b>	<b>-13.681</b>	<b>11,4%</b>
Fjármagnsliðir	8.869	7.599	1.271	16,7%	6.827	2.043	29,9%
<b>EBITDA</b>	<b>-21.231</b>	<b>-17.147</b>	<b>-4.084</b>	<b>23,8%</b>	<b>-15.804</b>	<b>-5.427</b>	<b>34,3%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-12.362</b>	<b>-9.549</b>	<b>-2.813</b>	<b>29,5%</b>	<b>-8.977</b>	<b>-3.384</b>	<b>37,7%</b>

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 12.362 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 9.549 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.813 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur Staðgreiðsla** var 345 m.kr. undir áætlun eða 0,4%. **Skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 328 m.kr. yfir áætlun. **Fasteignaskattar** voru 85 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 985 m.kr. yfir áætlun einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 403 m.kr. yfir áætlun eða 4,8%.



**Rekstrargjöld** voru 133.929 m.kr. eða 5.628 m.kr. umfram fjárheimildir. **Launakostnaður** var 66.304 m.kr. eða 1.737 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.214 m.kr. umfram fjárheimildir og á velferðarsviði þar sem hann var 688 m.kr. umfram fjárheimildir. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 2.925 m.kr. eða 900 m.kr. yfir áætlun. Í útkomuspá 2022 er búist við að gjaldfærslan nemi 3,9 ma.kr. í árslok en í fjárhagsáætlun 2022 var gert ráð fyrir 2,7 ma.kr. gjaldfærslu. Gjaldfærsla tímabilsins miðast við útkomuspá. **Annar rekstrarkostnaður** var 64.701 m.kr. eða 2.991 m.kr. eða 4,8% umfram fjárheimildir<sup>1</sup>.


**Nettó fjármunatekjur** voru 8.869 m.kr. eða 1.271 m.kr. yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 2.125 m.kr. yfir áætlun og má að mestu rekja til verðbóta af gatnalánnum vegna hærri verðbólgu á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir. Á móti kom að vaxtagjöld og verðbætur voru 239 m.kr. yfir fjárheimildum. Arður af eignarhlutum var 578 lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

## Efnahagur

Efnahagur Aðalssjóðs (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Langtímakröfur og eignahlutir í félögum	58.762	50.811	7.951	15,6%
Fyrirframgr. til Brúar Isj. (langtíma krafa)	8.571	8.860	-289	-3,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	21.937	22.319	-382	-1,7%
Handbært fé	12.473	15.231	-2.758	-18,1%
Eignir samtals	101.744	97.222	4.522	4,7%
Eigið fé	-8.373	3.989	-12.362	-309,9%
Lífeyrisskuldbinding LsRb	35.379	34.394	985	2,9%
Langtímalán	5.145	4.884	261	5,3%
Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar	2.439	2.433	6	0,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	67.152	51.522	15.631	30,3%
Skuldir samtals	110.116	93.233	16.884	18,1%
Skuldir og eigið fé samtals	101.744	97.222	4.522	4,7%


<sup>1</sup> Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

## Sjóðstreymi



Handbært fé lækkaði um 2.758 m.kr. frá áramótum. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 12.740 m.kr. sem rekja má til neikvæðrar rekstrarniðurstöðu. Lán Aðalsjóðs til Eignasjóðs vegna gatnaframkvæmda sem nam 4.159 m.kr. skýrir útstreymi vegna verðbréfa. Breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var um 11.661 m.kr.


## 1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.723	1.566	157	10,0%
Laun og launat. gj.	2.802	2.766	36	1,3%
Annar rekstrark.	6.813	6.655	158	2,4%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>7.893</b>	<b>7.855</b>	<b>38</b>	<b>0,5%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttta- og tómstundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 7.893 m.kr.** sem var 38 m.kr. eða 0,5% umfram fjárheimildir.



## Þjónustubættir ÍTR

M álaflokkar ÍTR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Styrkir	23	16	7	0	1	-1	1.506	1.526	-20	1.484	1.512	-28	-1,8%
Sundlaugar	820	799	21	1.420	1.426	-6	1.284	1.246	37	1.883	1.874	10	0,5%
Skíðasvæðin Höfuðb.	448	380	68	262	221	41	165	112	53	-22	-48	26	-54,2%
Framlög til skíðasv.	0	0	0	0	0	0	130	132	-2	130	132	-2	-1,6%
Frístundakort	0	0	0	0	0	0	626	621	5	626	621	6	0,9%
Fjölskyldugarður	283	259	24	339	333	6	273	232	41	329	305	24	7,7%
Hitt húsið	47	36	10	363	384	-22	99	98	1	415	446	-31	-6,9%
Ylströndin	29	22	7	65	54	11	45	45	0	81	77	4	5,8%
Síglunes	5	5	0	21	13	7	10	9	2	25	17	9	50,7%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	345	317	28	345	317	28	9,0%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	136	126	10	30	36	-6	166	162	4	2,4%
Atvinnumál	0	0	0	108	98	10	0	0	0	108	98	10	10,0%
Íþróttahús	66	47	19	31	38	-7	2.164	2.147	17	2.129	2.138	-9	-0,4%
Keppnis- og æfingavellir	0	0	0	0	0	0	50	49	1	50	49	1	-1,8%
Langtímaveikindi	0	0	0	23	33	-10	0	0	0	23	33	-10	-31,0%
Annað	3	1	1	36	38	-2	86	86	0	119	122	-3	-2,6%
<b>Samtals</b>	<b>1.723</b>	<b>1.566</b>	<b>157</b>	<b>2.802</b>	<b>2.766</b>	<b>36</b>	<b>6.813</b>	<b>6.655</b>	<b>158</b>	<b>7.893</b>	<b>7.855</b>	<b>38</b>	<b>0,5%</b>

**Styrkir:** Voru alls 1.484 m.kr. eða 28 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,8% og skýrist það af hliðrun á greiðslum á styrkjum.

**Sundlaugar:** Nettó útgjöld vegna sundlauga voru um 1.883 m.kr. sem var 10 m.kr. eða 0,5% umfram fjárheimildir. Tekjur sundlauga voru 21 m.kr. eða 2,7% hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Engar takmarkanir voru á aðsókn í sundlaugar á árinu 2022. Laun og launatengd gjöld voru 1.420 m.kr. sem var 6 m.kr. innan fjárheimilda eða 0,4%. Annar rekstrarkostnaður var 37 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Skíðasvæðin:** voru 26 m.kr. umfram fjárheimildir þar af voru tekjur skíðasvæðanna 68 m.kr. eða 17,9% yfir áætlun en aðsókn var góð framan af vertíðinni. Laun og launatengd gjöld voru 41 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 53 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af meiri opnun en áætlun gerði ráð fyrir.

**Frístundarkortið:** fyrir tímabilið janúar – september var heildarkostnaður vegna frístundakortsins 626 m.kr. sem var 6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%.

**Fjölskyldu og húsdýragarðurinn (FHG):** Var 24 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur FHG voru 283 m.kr. eða 24 m.kr. yfir áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 6 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 41 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Gervigrasvellir:** Voru 28 m.kr. umfram fjárheimildir, skýrist það af hærri kostnaði vegna upphitunar á völlum sem nemur 15 m.kr. Veturinn var einn sá dýrasti frá upphafi í upphitun á gervigrasvöllum. Þá var viðhaldsvinna við vellina hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Atvinumál skólafólks:** voru 108 m.kr. eða 10 m.kr. umfram fjárheimildir þá á eftir að koma framlag á móti frá atinnumáladeild MOS.


**Innri leiga:** var 18,6 m.kr. eða 0,7% umfram fjárheimildir.

**Húsaleiga:** vegna Egilshallar og Íþrótt- og sýningarhallarinnar var 15 m.kr. umfram fjárheimildir en leigugreiðslurnar eru bundnar við vísitölu neysluverðs og eru þeir liðir ekki verðbættir að fullu.

### **Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:**

- Rekstur íþrótt- og tómstundasviðs var 38 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,5%. Mesta frávik frá fjárhagsáætlun var vegna gervigrasvalla, þar sem nettó útgjöld voru 28 m.kr. umfram fjárheimildir. Skíðasvæðin voru 26 m.kr. yfir fjárheimildum og fjölskyldu- og húsdýragarðurinn var 24 m.kr. yfir fjárheimildum. Á móti kom að Hitt húsið var 31 m.kr. innan fjárheimilda og styrkir voru 28 m.kr. innan fjárheimilda.


## 1.2 Menningar og ferðamálasvið



Rekstur MOF (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	412	301	111	36,9%
Laun og launat. gj.	1.419	1.427	-8	-0,5%
Annar rekstrark.	3.558	3.489	69	2,0%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>4.565</b>	<b>4.615</b>	<b>-50</b>	<b>-1,1%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og ferðamálasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 4.565 m.kr.** sem var 50 m.kr. eða 1,1% innan fjárheimilda tímabilsins.



### Þjónustupættir MOF

Málaflokkar MOF (m.kr.)	Tekjur			Laun og launatengd gjöld			Annar rekstrarkostnaður			Nettó útgjöld			%
	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	
Yfirstjórn	0	0	0	93	94	0	4	7	-2	98	100	-3	-2,5%
Höfuðborgarstofa	10	10	0	48	47	1	32	43	-11	71	81	-10	-12,4%
Höfuðborgarstofa - EFA	10	10	0	0	3	-3	45	41	4	35	34	1	0,0%
Borgarbókasafn	39	34	5	635	623	12	356	356	0	952	945	7	0,7%
Listasafn Reykjavíkur	160	103	57	233	236	-2	345	293	52	419	425	-7	-1,6%
Borgarsögusafn	160	116	45	350	365	-15	363	336	27	553	586	-32	-5,5%
Önnur menningarstarfssemi	34	29	5	59	58	1	95	108	-13	121	137	-17	-12,1%
Styrkir og samstarfssamningar	0	0	0	0	0	0	1.343	1.332	11	1.343	1.332	11	0,8%
Framlög	0	0	0	0	0	0	935	924	11	935	924	11	1,2%
Annað	0	0	0	0	1	-1	39	49	-10	39	50	-11	-22,5%
<b>Samtals</b>	<b>412</b>	<b>301</b>	<b>111</b>	<b>1.419</b>	<b>1.427</b>	<b>-8</b>	<b>3.558</b>	<b>3.489</b>	<b>69</b>	<b>4.565</b>	<b>4.615</b>	<b>-50</b>	<b>-1,1%</b>


**Tekjur** tímabilsins voru í heild 111 m.kr. yfir áætlun. Í heild var aðgangseyrir 39 m.kr. yfir áætlun og vörusala safnbúða var um 27 m.kr. yfir áætlun en tekið skal fram að áætlun á þessum liðum var varkár vegna mikillar óvissu. Óvenju vel hefur gengið að afla styrkja og var sá liður um 32 m.kr. yfir áætlun og munar þar mestu hjá Listasafni og Borgarbókasafni og EU styrk vegna BigBang verkefnis undir önnur menningarstarfssemi, en það skal tekið fram að jafnframt aukast útgjöld vegna styrkja og einhver hluti af styrkjum verður millifærður yfir á næsta ár. Leigutekjur voru á pari og aðrar sértekjur voru um 13 m.kr. yfir áætlun.

**Launakostnaður** tímabilsins var um 8 m.kr. innan fjárheimilda sviðsins og þar af var Borgarbókasafnið um 12 m.kr. umfram fjárheimildir en óvenjumikið var um orlofsuppgjör vegna starfsmanna sem voru að hætta, óbætt laun vegna rekstrastjóra í Úlfarsárdal og aðrar launamillifærslur. Borgarsögusafn var 15 m.kr. innan fjárheimilda sem að hluta má rekja til rangrar áætlunar og annarra tilfærslna.

**Annar rekstrarkostnaður** var 69 m.kr. umfram fjárheimildir. Bæði **Listasafn Reykjavíkur** og **Borgarsögusafn** voru umfram fjárheimildir á öðrum kostnaði sem skýrist að miklu leiti af auknum gjöldum á móti veittum styrkjum. **Önnur menningarstarfssemi** var innan fjárheimilda um 13 m.kr. en ætti að jafnast út þegar líða tekur á árið. Innri leiga var umfram fjárheimildir um 8 m.kr. þrátt fyrir leiðréttingu í september þar sem hún miðaðist við ágúst stöðu. **Styrkir og framlög** en þar var verulega yfirkeysla vegna vísitölutryggðra samninga við bæði Hörpu og Leikfélag Reykjavíkur sem voru langt um hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og ekki hefur komið til leiðréttingar vegna þeirra.




### 1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	3.399	2.921	478	16,4%
Laun og launat. gj.	35.078	33.864	1.214	3,6%
Annar rekstark.	19.124	18.547	577	3,1%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>50.803</b>	<b>49.490</b>	<b>1.312</b>	<b>2,7%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 50.803 m.kr.** sem var 1.312 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,7%.



Stjórnendum SFS var falið að halda skólum, leikskólum og frístundastarfi opnu á Covid-19 tímum, þar sem lokun hefði haft keðjuverkandi áhrif á allt atvinnulífið. Röskun varð á opnun og þjónustu starfsstaða. Áhrif heimsfaraldurs voru mikil í byrjun árs 2022 vegna mikillar útbreiðslu smita með tilheyrandi veikindum hjá miklum fjölda starfsmanna. Þann 25. febrúar var öllum takmörkunum aflétt af skólahaldi. Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til september var um 8,5% fyrir SFS í heild sem er langt umfram það sem hefur verið. Veikindahlutföll á haustmánuðum 2022 hafa verið u.þ.b. 1% hærri en á sama tímabili árið 2021. Mikilið hefur verið um útbreidd smit og veikindafjarvistir kennara sem hafa í för með sér mikið álag á stofnanir. Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast aukins stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlagja þau að íslensku samfélagi.

Hér að neðan eru helstu liðir sem valda 352 m.kr. halla af þeim 1.312 m.kr. sem árshlutauppgjörið sýnir (sjá nánari sundurliðun í töflu).

161 m.kr. hefur verið verkefnaþvert sérstaklega vegna Covid, 29 m.kr., og raka- og mygluskemmda, 132 m.kr. Til viðbótar var tekjutap og eigin vinna sem ekki var verkefnaþvert. Ekki hafa komið auknar fjárheimildir til að mæta þessum kostnaði.

Nýtt grunnskólalíkan var tekið í notkun um síðustu áramót. Skólaárið 2021-2022 var skipulagt vorið 2021 og ráðningar starfsmanna miðaðar við eldra líkan sem kann að hafa haft áhrif á skipulag skólustarfsins á vorönn.

Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla síðast liðin 2 ár. Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárför leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki hækkunum vegna verðlagsbreytinga. Fjárheimildir vegna innri leigu á húsnæði hafa verið endurreiknaðar til samræmis við hækkun vísitölu t.o.m ágúst, en eftir er að endurreikna september. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmstu leiða við rekstur mótuneyta. Sem dæmi hafa nú 46 leikskólar og 11 grunnskólar dregið verulega úr mótuneytiskostnaði með því að kaupa aðkeyptan mat.

SFS hefur brugðist við hækkun á rekstrarkostnaði með því að leita hagkvæmstu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar. Einnig hefur verið lagt í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu. Eins og staðan er í dag hefur SFS ekki fengið auknar fjárheimildir í tengslum við þennan aukna kostnað.

Liðir sem valda halla á tímabilinu:

Útgjöld sem valda halla	Fjárhæð, m.kr.	Helstu forsendur
Grunnskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	15	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu COVID19
Leikskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	12	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu COVID19
Fristundastarf, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	2	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu COVID19
Grunnskólar, kostnaður við eigin þrif	15	Miðað er við að kostnaður sé um 5 m.kr. á mánuði, jan-mars.
Leikskólar, kostnaður við Covid auka mönnun	69	Ígildi um eins stöðugildis á hvern leikskóla, jan-feb
Grunnskólar, kostnaður við Covid auka mönnun	40	Ígildi um eins stöðugildis á hvern skóla, jan-feb
<b>Samtals kostnaður við eigin þrif og hólfun vegna Covid</b>	<b>153</b>	
Gjaldfærður kostnaður vegna myglu í skólum	132	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu M9000
Innri leiga húsnæðis	67	Innrileiga húsnæði, september
<b>Samtals mygla, innri leiga og kjarasamningar</b>	<b>199</b>	
<b>Samtals</b>	<b>352</b>	

Veikindaförföll á tímabilinu janúar til september voru 10,4 % í leikskólum og 7,7 % í grunnskólum. Þessi förföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu sem ekki hefur verið lagt mat á. Upplýsingar um auka mönnun eru samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum starfsstöðva. Mikil skammtímaveikindi á haustmánuðum hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi. Veikindahlutföll á haustmánuðum eru hærri en fyrir sama tímabil á síðasta ári.

### Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	9.101	9.007	94	1,0%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	4.806	4.913	-107	-2,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	536	471	65	13,9%
Ýmis kostnaður:				0,0%
Hráefni í mötuneyti og aðkeyptur matur	1.527	1.201	326	27,1%
Kennsluefni	176	189	-13	-6,9%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	415	378	37	9,8%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	585	524	61	11,6%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	487	390	97	24,9%
Húsaleiga	211	163	48	29,7%
Aðkeypt vinna	250	274	-24	-8,8%
Rafmagn, hiti og vatn	340	290	50	17,1%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	1.226	1.218	8	0,6%
Samtals ýmis kostnaður	5.217	4.628	589	12,7%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>19.124</b>	<b>18.547</b>	<b>577</b>	<b>3,1%</b>

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS var um 3,1 % umfram fjárheimildir eða 577 m.kr. Hráefniskostnaður í mötuneytum var 27,1% umfram fjárheimildir, verð á matvörum hefur hækkað verulega á árinu og óhagræði í rekstri mötuneyta vegna covid og mygluskemmda hafði einnig áhrif. Verulegur viðbótar fæðiskostnaður hefur fallið á SFS í tengslum við framkvæmdir vegna myglu þar sem nauðsynlegt hefur verið að skipta rekstrareiningum upp en það hefur leitt til hækkunar á rekstrarkostnaði. Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var um 97 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna þess að grípa hefur þurft til nauðsynlegs viðhalds hjá skólum og leikskólum til að halda húsnæði og búnaði í nothæfu ástandi. Innri leiga húsnæðis hefur hækkað vegna hækkunar vísitölu, fjárheimildir hafa verið hækkaðar vegna janúar til ágúst en eftir er að bæta SFS september. Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla var um 61 m.kr. umfram fjárheimildir, ræsting vó þar þungt vegna krafna um að starfsstaðir væru með góðar smitvarnir, ekki komu viðbótarfjárheimildir til móts við þann kostnað. Á árinu 2022 var endurnýjað útboð á ræstingu sem tók gildi í maí, þrátt fyrir hagræði við útboðið þá hafa verðbætur á samningsfjárhæðir leitt til hækkunar umfram fjárheimildir. Aðkeypt vinna var 24 m.kr. innan fjárheimilda þar fellur undir sérfræðiþjónusta, túlkar, lækna og önnur aðkeypt vinna. Greiðslur til einkarekinna skóla og tónlistarskóla voru 107 m.kr. innan fjárheimilda en uppgjör milli sveitarfélaga 65 m.kr. umfram áætlun. Aukið fjármagn í annan rekstrarkostnað í grunnskólum fylgdi nýju úthlutunarlíkani (720 m.kr.) á ársgrundvelli. Var sú aukning byggð á raunkostnaði síðustu 3ja ára.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	%	
Grunnskólar	1.511	1.272	239	18.819	18.506	314	11.068	10.635	433	28.377	27.869	508	1,8%	Halli
Leikskólar	1.166	1.091	75	11.755	10.879	876	5.794	5.592	202	16.383	15.380	1.003	6,5%	Halli
Fristundastarf	604	504	100	3.336	3.328	8	643	720	-77	3.374	3.544	-170	-4,8%	Afgangur
Skrifstofur SFS	57	16	41	871	842	30	315	287	28	1.130	1.113	17	1,6%	Halli
Listaskólar öfl.	61	39	23	296	309	-13	1.304	1.314	-10	1.538	1.584	-46	-2,9%	Afgangur
<b>Samtals</b>	<b>3.399</b>	<b>2.921</b>	<b>478</b>	<b>35.078</b>	<b>33.864</b>	<b>1.214</b>	<b>19.124</b>	<b>18.547</b>	<b>577</b>	<b>50.803</b>	<b>49.490</b>	<b>1.312</b>	<b>2,7%</b>	<b>Halli</b>

## Grunnskólahluti



**Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 28.377 m.kr. sem var 508 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,8 %.**

Grunnsk.hluti (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.511	1.272	239	18,8%
Laun og launat. gj.	18.819	18.506	314	1,7%
Annar rekstark.	11.068	10.635	433	4,1%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>28.377</b>	<b>27.869</b>	<b>508</b>	<b>1,8%</b>

**Tekjur** grunnskólahluta voru 1.511 m.kr. sem var 239 m.kr. yfir áætlun eða 18,8%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 38,6 m.kr. umfram áætlun. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum voru um 43 m.kr. yfir áætlun, styrkir 45,9 m.kr. yfir áætlun og svo greiðslur vegna hælisleitenda og önnur framlög.

**Launakostnaður** grunnskólahluta var 18.819 m.kr. sem var 314 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,7%. Þar af er halli vegna langtímaveikinda 44 m.kr.

**Annar rekstrarkostnaður** var 11.068 m.kr. sem var um 433 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,1%. Þar af eru um 14,5 m.kr. vegna Covid-19 og 155,5 m.kr. vegna raka og myglukostnaðar en þessi kostnaður kemur til vegna aðkeyptra smitvarna, þrifa og öðru til að bregðast við aðstæðum. Viðhald og endurnýjun var 3 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt ræsting var 30 m.kr. umfram fjárheimildir. Húsaleiga var 48 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt vinna, sálfræðiþjónusta og túlkþjónusta var 22 m.kr. umfram fjárheimildir. Hráefni til mótuneyta og aðkeyptur matur var 188 m.kr. umfram fjárheimildir.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	7.058	7.019	39	0,6%
Einkareknir skólar	1.131	1.109	23	2,1%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	274	267	7	2,6%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	736	548	188	34,3%
Kennsluefni	115	112	3	2,2%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	397	366	31	8,5%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	219	190	30	15,7%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	291	295	-3	-1,1%
Húsaleiga	173	125	48	38,1%
Aðkeypt vinna	110	89	22	24,2%
Rafmagn, hiti og vatn	258	213	46	21,5%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	579	570	9	1,5%
Samtals ýmis kostnaður	2.878	2.507	372	14,8%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>11.068</b>	<b>10.635</b>	<b>433</b>	<b>4,1%</b>

### Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og samreknum skólum var 26.385 m.kr. Fjárheimildir námu 25.809 m.kr. fyrir grunnskóla og var kostnaður því 577 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,2%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 92 m.kr. afgang á tímabilinu. Helstu liðir sem mynda afgang: Stuðningur til sjálfstætt starfandi grunnskóla 37 m.kr. en eftir er að úthluta til sjálfstætt starfandi skóla. Endurúthlutun til skóla 49 m.kr. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 23 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna fleiri barna en áætlað var og hækkunar á gjöldum skv. útreikningum Hagstofu.

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Grunnskólar samreknir	189	172	16	2.765	2.763	2	1.482	1.379	103	4.059	3.969	89	2,2%	Halli
Grunnskólar	816	642	173	14.283	14.047	236	6.966	6.665	302	20.434	20.070	365	1,8%	Halli
Sérskólar	12	7	4	1.374	1.280	95	530	497	33	1.893	1.769	123	7,0%	Halli
<b>Samtals borgarreknir:</b>	<b>1.016</b>	<b>822</b>	<b>194</b>	<b>18.423</b>	<b>18.090</b>	<b>333</b>	<b>8.978</b>	<b>8.540</b>	<b>438</b>	<b>26.385</b>	<b>25.809</b>	<b>577</b>	<b>2,2%</b>	<b>Halli</b>
Miðlægt og endurúthlutun	495	450	45	396	416	-20	959	986	-27	860	952	-92	-9,7%	Afgangur
Einkaskólar							1.131	1.109	23	1.131	1.109	23	2,1%	Halli
<b>Samtals borgar. og einkar</b>	<b>1.511</b>	<b>1.272</b>	<b>239</b>	<b>18.819</b>	<b>18.506</b>	<b>314</b>	<b>11.068</b>	<b>10.635</b>	<b>433</b>	<b>28.377</b>	<b>27.869</b>	<b>508</b>	<b>1,8%</b>	<b>Halli</b>

Þjónustuþyngd í Klettaskóla hefur aukist mikið með auknum kostnaði, kostnaður Klettaskóla var um 132 m.kr. umfram fjárheimildir en rekstur skólans er í sérstakri úttekt.

**Borgarreknir grunnskólar:** Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 577 m.kr. Af grunnskólum voru 17 með afgang en aðrir voru með hallarekstur.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Hagaskóli	27	28	0	592	536	56	281	240	41	846	748	97	13,0%
Melaskóli	38	31	-7	602	530	72	221	205	16	784	704	81	11,4%
Fossvogsskóli	19	18	-1	349	338	11	172	131	41	502	451	51	11,3%
Klettaskóli	9	6	-4	1.026	914	112	437	414	23	1.454	1.322	132	10,0%
Ingunnarskóli	26	23	-3	449	417	33	230	214	16	653	608	46	7,5%
Dalskóli	57	57	0	881	829	52	550	506	44	1.373	1.278	96	7,5%
Ártúnsskóli	29	30	0	362	354	8	136	112	23	469	436	32	7,4%
Hlíðaskóli	30	27	-3	658	635	23	290	258	32	918	867	52	6,0%
Vesturbæjarskóli	19	18	-1	359	328	30	242	241	2	582	551	31	5,6%
Hvassaleitisskóli	11	9	-2	313	304	8	171	151	19	472	447	25	5,6%
Borgaskóli	13	14	1	316	310	6	172	160	13	476	456	20	4,4%
Sæmundarskóli	29	26	-4	503	471	33	301	299	2	775	744	31	4,1%
Engjaskóli	19	13	-6	298	286	12	179	167	12	458	440	18	4,0%
Selásskóli	13	12	-1	265	254	12	160	157	3	412	398	14	3,6%
Hamraskóli	14	9	-5	290	288	1	164	146	18	439	425	14	3,3%
Grandaskóli	21	20	-1	376	363	13	177	176	1	532	518	14	2,7%
Laugalækjarskóli	17	15	-2	401	399	2	197	184	14	581	568	13	2,3%
Fellaskóli	25	15	-10	580	573	6	250	230	20	805	788	17	2,1%
Foldaskóli	23	22	-1	587	583	4	260	248	12	824	808	16	2,0%
Árbæjarskóli	44	33	-10	717	690	27	307	310	-3	981	967	14	1,5%
Laugarnesskóli	37	32	-5	555	545	10	249	254	-5	767	767	1	0,1%
Breiðagerðisskóli	27	20	-7	395	390	5	209	208	2	578	578	0	-0,1%
Breiðholtsskóli	23	18	-5	490	478	12	236	244	-8	703	704	-1	-0,1%
Hólabrekkuskóli	23	20	-4	510	519	-10	242	233	9	728	732	-5	-0,6%
Rimaskóli	25	21	-4	542	549	-7	264	261	3	781	790	-8	-1,1%
Seljaskóli	35	32	-3	681	682	-1	232	239	-6	879	889	-10	-1,2%
Húsaskóli	18	9	-9	196	200	-5	161	152	9	339	343	-4	-1,3%
Réttarholtsskóli	22	21	-1	411	422	-11	193	191	2	583	592	-9	-1,6%
Háteigsskóli	29	21	-8	476	484	-7	185	180	5	632	643	-11	-1,6%
Brúarskóli	2	2	-1	348	365	-18	93	83	10	439	447	-9	-1,9%
Austurbæjarskóli	23	22	-1	480	497	-17	239	236	3	696	711	-14	-2,0%
Langholtsskóli	36	35	-1	748	772	-24	327	325	2	1.038	1.061	-23	-2,2%
Vogaskóli	43	16	-27	461	457	3	249	240	8	666	682	-15	-2,3%
Norðlingaskóli	54	49	-5	648	679	-31	383	377	6	977	1.007	-31	-3,1%
Álftamýrarskóli	64	21	-42	474	473	1	206	185	21	616	636	-21	-3,3%
Ölduselsskóli	32	25	-7	528	551	-23	285	286	-1	781	812	-31	-3,9%
Víkurskóli	15	9	-6	261	294	-33	165	146	19	411	432	-20	-4,7%
Klébergsskóli	23	21	-2	295	328	-33	163	153	10	435	460	-25	-5,4%
Háaleitisskóli	0	1	1	1	1	0	0	0	0	1	0	1	
<b>Samtals</b>	<b>1.016</b>	<b>822</b>	<b>-194</b>	<b>18.423</b>	<b>18.090</b>	<b>333</b>	<b>8.978</b>	<b>8.540</b>	<b>438</b>	<b>26.385</b>	<b>25.809</b>	<b>577</b>	<b>2,2%</b>

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2022 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

## Leikskólahluti



**Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 16.383 m.kr. sem var 1.003 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,5%.**

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.166	1.091	75	6,9%
Laun og launat. gj.	11.755	10.879	876	8,0%
Annar rekstark.	5.794	5.592	202	3,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>16.383</b>	<b>15.380</b>	<b>1.003</b>	<b>6,5%</b>

**Tekjur** leikskólahluta voru 1.166 m.kr. sem voru 75 m.kr. umfram áætlun eða 6,9%.

**Launakostnaður** leikskólahluta var 11.755 m.kr. sem var 876 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8,0%. Aukinn kostnaður var vegna röskunar á starfi vegna Covid-19, mikil veikindi voru á tímabilinu eða um 10,4% hjá leikskólum sem er langt umfram eðlilegt árferði sem hefur kallað á auknar afleysingar. Á árinu hefur kostnaður við stuðning barna verið 246 m.kr. umfram fjárheimildir, þessi umfram kostnaður skýrist m.a. af fjölgun barna af erlendum uppruna.

**Annar rekstrarkostnaður** leikskólahluta var 5.794 m.kr. sem var 202 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,6%. Þar af var kostnaður vegna Covid-19 12 m.kr. og myglu 16,2 Ræsting, sorphirða og öryggisgæsla fór 35 m.kr. fram úr fjárheimildum sem kemur m.a. til vegna smitvarna auk þess sem samningar um ræstingu eru verðtryggðir. Mötuneytiskostnaður var 150 m.kr. umfram fjárheimildir. Viðhald og endurnýjun var 105 m.kr. umfram fjárheimildir. Einkaskólar voru 130 m.kr. innan fjárheimilda og uppgjör milli sveitarfélaga var 61 m.kr. umfram fjárheimildir.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	1.551	1.509	42	2,8%
Einkareknir skólar	2.558	2.688	-130	-4,8%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	246	185	61	33,0%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mötuneyti og aðkeyptur matur	709	559	150	26,9%
Kennsluefni	39	20	19	95,0%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	6	4	2	67,7%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	307	272	35	12,9%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	143	38	105	278,1%
Húsaleiga	3	15	-13	-81,8%
Aðkeypt vinna	68	108	-41	-37,5%
Rafmagn, hiti og vatn	69	63	6	8,7%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	341	315	26	8,2%
Samtals ýmis kostnaður	1.685	1.395	290	20,8%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>5.794</b>	<b>5.592</b>	<b>202</b>	<b>3,6%</b>

### Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Hjá borgarreknnum leikskólum var hallinn 1.254 m.kr. eða 10,4%. Útgjöld námu 13.331 m.kr. en fjárheimildir voru 12.077 m.kr. Nær allir leikskólar voru reknir með halla.

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	1.057	998	59	11.505	10.582	922	2.883	2.493	390	13.331	12.077	1.254	10,4%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	109	93	16	250	297	-47	116	119	-4	257	323	-66	-20,5%	Afgangur
<b>Samtals borgarreknir</b>	<b>1.166</b>	<b>1.091</b>	<b>75</b>	<b>11.755</b>	<b>10.879</b>	<b>876</b>	<b>2.999</b>	<b>2.612</b>	<b>387</b>	<b>13.588</b>	<b>12.400</b>	<b>1.187</b>	<b>9,6%</b>	<b>Halli</b>
Einkaskólar							2.558	2.688	-130	2.558	2.688	-130	-4,8%	Afgangur
Dagforeldrar							237	292	-54	237	292	-54	-18,7%	Afgangur
<b>Samtals einkaskólar og dagf.</b>							<b>2.795</b>	<b>2.980</b>	<b>-185</b>	<b>2.795</b>	<b>2.980</b>	<b>-185</b>	<b>-6,2%</b>	<b>Afgangur</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.166</b>	<b>1.091</b>	<b>75</b>	<b>11.755</b>	<b>10.879</b>	<b>876</b>	<b>5.794</b>	<b>5.592</b>	<b>202</b>	<b>16.383</b>	<b>15.380</b>	<b>1.003</b>	<b>6,5%</b>	<b>Halli</b>

### Borgarreknir leikskólar (m.kr.)

Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik%
Brákarborg	8	8	0	124	106	18	25	17	9	141	114	27	23,5%
Garðaborg	10	10	0	104	85	19	32	27	5	126	103	24	23,1%
Klambrar	13	12	0	159	134	25	36	32	4	182	153	29	19,0%
Klettaborg	13	13	0	162	139	23	37	32	5	186	158	29	18,1%
Furuskögur	20	20	0	233	209	24	71	52	18	283	241	42	17,5%
Múlaborg	15	15	0	220	187	33	43	40	3	248	212	36	17,2%
Steinahlíð	14	10	4	114	92	21	43	41	3	143	123	20	16,6%
Drafnarsteinn	17	18	-2	208	190	18	51	37	14	243	209	34	16,3%
Laugasól	28	28	0	328	298	30	88	65	24	389	334	54	16,2%
Sæborg	12	12	0	151	131	20	34	30	4	174	149	24	16,2%
Sunnufold	19	19	0	216	192	24	50	40	9	246	213	33	15,5%
Jörfi	18	18	0	181	156	25	47	44	3	210	182	28	15,4%
Ösp	14	10	4	137	120	18	27	21	6	151	131	20	15,1%
Bjartahlíð	25	23	2	267	234	33	58	50	8	300	261	39	15,0%
Sunnuás	34	24	10	291	251	40	90	75	14	346	302	45	14,8%
Árborg	12	12	0	114	107	6	39	28	11	141	123	18	14,3%
Gullborg	17	17	0	180	164	16	39	30	9	202	177	25	14,2%
Kvístaborg	11	11	0	140	128	11	48	37	11	177	155	22	14,0%
Langholt	32	32	0	330	288	41	84	80	4	382	336	45	13,5%
Grandaborg	18	14	4	171	146	24	45	43	2	198	176	22	12,4%
Álftaborg	16	16	0	180	162	19	51	46	5	215	191	24	12,3%
Borg	20	19	1	231	208	22	57	50	7	267	240	28	11,6%
Vesturborg	12	12	0	131	123	8	38	30	8	156	140	16	11,5%
Holt	18	17	1	197	180	17	48	40	7	226	203	23	11,4%
Hólaborg	8	8	0	117	107	10	27	23	4	135	122	14	11,1%
Mariuborg	18	18	0	191	173	18	37	35	2	211	190	21	10,9%
Heiðarborg	19	14	4	160	145	14	36	30	7	177	160	17	10,7%
Nóaborg	20	14	6	165	150	15	44	35	9	189	171	18	10,6%
Funaborg	17	10	7	119	100	19	21	22	-1	124	112	11	10,2%
Ægisborg	15	14	0	169	156	12	39	33	5	193	175	17	10,0%
Hagaborg	17	17	0	201	184	17	44	42	2	228	209	19	9,0%
Rofaborg	19	19	0	196	180	16	49	47	2	227	208	19	8,9%
Lyngheimar	16	16	0	173	161	11	38	33	4	194	179	16	8,8%
Bakkaborg	19	19	0	248	226	22	49	48	1	278	255	22	8,8%
Grænborg	14	14	0	138	128	10	36	33	3	160	147	13	8,8%
Austurborg	18	18	0	218	202	15	42	38	4	242	223	19	8,6%
Fífuborg	17	15	3	146	135	12	37	33	4	166	153	13	8,3%
Vinagerði	12	12	0	115	107	8	43	40	3	146	135	11	8,1%
Hlíð	20	20	0	231	217	14	62	56	6	272	252	20	7,7%
Miðborg	23	23	0	275	255	19	52	49	2	304	282	22	7,7%
Engjaborg	14	13	0	154	143	11	39	37	2	179	166	13	7,7%
Seljakot	16	16	0	162	157	5	44	37	8	190	177	13	7,4%
Hof	21	21	0	227	214	12	44	40	3	249	234	15	6,6%
Hálsaskógur	24	24	0	270	253	16	48	46	2	294	276	18	6,5%
Suðurborg	21	20	0	239	227	12	60	56	4	279	263	16	6,2%
Reynisholt	15	15	0	172	172	-1	41	32	9	198	189	9	4,7%
Geislabaugur	20	20	0	238	231	7	50	46	5	268	256	12	4,5%

Borgarreknir leikskólar framhald:


Borgarreknir leikskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Tjörn	14	14	0	172	166	6	36	34	2	194	185	8	4,4%
Jöklaborg	20	20	0	202	197	5	46	43	4	228	220	9	4,0%
Laufskólar	17	17	0	181	177	4	32	29	3	196	189	7	3,7%
Rauðhóll	37	37	0	404	398	6	101	95	6	468	456	12	2,5%
Sólborg	13	13	0	229	238	-8	51	37	14	268	262	6	2,2%
Hulduheimar	16	16	0	157	159	-2	42	38	4	183	181	2	1,1%
Blásalir	13	13	0	143	141	2	28	29	-1	157	157	1	0,4%
Stakkaborg	14	14	0	159	161	-3	35	31	3	179	179	1	0,3%
Nes (Hamrar)	25	22	2	220	226	-6	58	49	9	253	253	0	0,1%
Rauðaborg	11	11	0	113	115	-2	21	20	2	124	124	0	0,1%
Hraunborg	14	12	2	122	122	1	32	30	2	140	140	0	0,0%
Briartún	5	5	0	66	40	25	34	28	6	95	64	31	0,0%
Eggertsgrata	8	6	2	104	68	36	66	49	17	162	111	51	0,0%
Vogabyggð	0	0	0	23	10	13	1	1	0	24	11	13	0,0%
Nauthólsvegur	3	3	0	90	60	31	76	52	24	163	108	55	0,0%
Ævt. við Barónsstíg	0	0	0	0	0	0	3	0	3	3	0	3	0,0%
Seljaborg	9	9	0	95	105	-9	29	23	6	115	119	-4	-3,0%
Brekuborg	18	13	4	137	146	-10	27	26	0	146	159	-13	-8,4%
<b>Samtals</b>	<b>1.057</b>	<b>998</b>	<b>59</b>	<b>11.505</b>	<b>10.582</b>	<b>922</b>	<b>2.883</b>	<b>2.493</b>	<b>390</b>	<b>13.331</b>	<b>12.077</b>	<b>1.254</b>	<b>10,4%</b>

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2022 er efstur en sá skóli sem er með minnsta hallan er neðstur.

Frístundahluti

Nettó útgjöld frístundahluta SFS voru 3.374 m.kr. sem var 170 m.kr. innan fjárheimilda eða 4,8%

Frístundastarf(mk.r.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	604	504	100	19,9%
Laun og launat. gj.	3.336	3.328	8	0,2%
Annar rekstark.	643	720	-77	-10,8%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.374</b>	<b>3.544</b>	<b>-170</b>	<b>-4,8%</b>



Tekjur voru 604 m.kr. sem var um 100 m.kr. yfir áætlun eða 19,9%. Skýringa á auknum tekjum eru auknar sértekjur 66,5 m.kr. og styrkir 23,1 m.kr.

Laun og launatengd gjöld voru 3.336 m.kr. sem var 8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,2%.

Annar rekstrarkostnaður var 643 m.kr. sem var um 77 m.kr. innan fjárheimilda eða 10,8%. Viðhald og endurnýjun var 16 m.kr. umfram fjárheimildir, húsaleiga 6 m.kr. umfram og akstur 3 m.kr. umfram aðrir liðir voru innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður frístundastarfs	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	278	272	6	2,2%
Einkareknir skólar	10	9	1	8,1%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	16	19	-3	0,0%
Ymis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	75	90	-14	-16,1%
Kennsluefni	18	55	-37	-67,3%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	11	8	3	35,5%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	56	61	-5	-7,7%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	37	21	16	76,9%
Húsaleiga	29	22	6	28,2%
Aðkeypt vinna	6	6		4,9%
Rafmagn, hiti og vatn	12	14	-2	-13,4%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	109	161	-52	-32,2%
Samtals ýmis kostnaður	354	438	-84	-19,2%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>643</b>	<b>720</b>	<b>-77</b>	<b>-10,8%</b>

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)		
Sértækar félagsmiðstöðvar	9	17	-8	183	200	-16	49	45	4	223	228	-4	-2,0%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	590	468	122	3.137	3.124	13	546	547	-1	3.094	3.204	-110	-3,4%	Afgangur
Miðlægt og endurúthlutun	5	19	-14	16	4	12	47	128	-81	58	112	-55	-48,8%	Afgangur
<b>Samtals</b>	<b>604</b>	<b>504</b>	<b>100</b>	<b>3.336</b>	<b>3.328</b>	<b>8</b>	<b>643</b>	<b>720</b>	<b>-77</b>	<b>3.374</b>	<b>3.544</b>	<b>-170</b>	<b>-4,8%</b>	<b>Afgangur</b>

Frístundastarf (m.kr.)													
	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávík %
Sértækar félagsmiðst.	9	17	-8	183	200	-16	49	45	4	223	228	-4	-2,0%
Miðberg	60	55	5	438	460	-22	98	102	-4	476	507	-31	-6,1%
Tjörn	121	90	31	633	615	19	115	131	-15	628	655	-27	-4,2%
Brúin (Gufunes / Ársel)	120	111	9	815	807	8	136	130	6	831	826	5	0,6%
Kringlumýri	289	211	78	1.251	1.243	8	198	185	13	1.160	1.216	-57	-4,6%
<b>Samtals</b>	<b>599</b>	<b>485</b>	<b>114</b>	<b>3.321</b>	<b>3.324</b>	<b>-4</b>	<b>595</b>	<b>592</b>	<b>3</b>	<b>3.317</b>	<b>3.432</b>	<b>-115</b>	
Miðlægt verkefni	5	19	-14	16	4	12	47	128	-81	58	112	-55	-48,8%
<b>Samtals frístundastarf</b>	<b>604</b>	<b>504</b>	<b>100</b>	<b>3.336</b>	<b>3.328</b>	<b>8</b>	<b>643</b>	<b>720</b>	<b>-77</b>	<b>3.374</b>	<b>3.544</b>	<b>-170</b>	<b>-4,8%</b>

## Skrifstofur SFS og miðlægir liðir


Skrifstofur SFS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávík	%
Tekjur	57	16	41	254,2%
Laun og launat. gj.	871	842	30	3,5%
Annar rekstark.	315	287	28	9,9%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.130</b>	<b>1.113</b>	<b>17</b>	<b>1,6%</b>

**Skrifstofur SFS og miðlægir liðir:** Útgjöld voru 1.130 m.kr. sem var um 17 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,6% og skiptist þannig:

**Skrifstofur SFS:** Útgjöld voru 988 m.kr. sem var 25 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,6%. Tekjur sem koma fram eru vegna styrkja, námsleyfa og námskeiðahalds.

**Miðlægir liðir/styrkir SFS:** Útgjöld voru 116 m.kr. sem var 7,4% innan fjárheimilda.

**Skóla- og frístundaráð:** Útgjöld voru 1,4 m.kr. umfram fjárheimildir.




Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)		
Skrifstofur SFS	54	16	38	846	822	25	196	157	39	988	963	25	2,6%	Halli
Miðlægir liðir og styrkir	2		2	1		1	117	125	-8	116	125	-9	-7,4%	Afgangur
Skóla og frístundaráð				24	20	4	3	5	-2	27	25	1,4	5,6%	Halli
<b>Samtals</b>	<b>57</b>	<b>16</b>	<b>41</b>	<b>871</b>	<b>842</b>	<b>30</b>	<b>315</b>	<b>287</b>	<b>28</b>	<b>1.130</b>	<b>1.113</b>	<b>17</b>	<b>1,6%</b>	<b>Halli</b>

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávík	%
Tekjur	61	39	23	58,9%
Laun og launat. gj.	296	309	-13	-4,3%
Annar rekstark.	1.304	1.314	-10	-0,8%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.538</b>	<b>1.584</b>	<b>-46</b>	<b>-2,9%</b>

**Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar:** Útgjöld voru samtals 1.538 m.kr. eða um 46 m.kr. innan fjárheimilda eða 2,9% á tímabilinu sem skiptist þannig:

**Tónlistarskólar:** Útgjöld voru um 1.110 m.kr. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 877 m.kr. hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik.





Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum **Jöfnunarsjóð voru útgjöld 233 m.kr.**

**Skólahljómsveitir** ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 269 m.kr. sem var 5 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar:** Útgjöld voru 157 m.kr. sem var 16 m.kr. innan fjárheimilda. Námsflokkar Reykjavíkur voru 16 m.kr. innan fjárheimilda, framlög til framhaldsskóla og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru skv. áætlun.

Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skólahljóms. og Tónl. Kj.	13	9	4	259	259		23	14	9	269	264	5	1,7%	Halli
Tónlistarskólar							1.110	1.107	3	1.110	1.107	3	0,2%	Halli
Námsflokkar, Myndl.	48	30	18	37	33	4	169	170	-2	157	173	-16	-9,1%	Afgangur
Endurúthlutun ofl.					18	-18	3	22	-20	3	40	-37	-93%	Afgangur
Samtals	61	39	23	296	309	-13	1.304	1.314	-10	1.538	1.584	-46	-2,9%	Afgangur

## Afleysing vegna langtímaforfalla

Afleysingar vegna langtímaforfalla námu alls um 907 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við afleysingar starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærður kostnaður var í grunnskólum, leikskólum og frístund samtals 204 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Afleysingar langtímaforfalla(m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	352	308	44
Leikskóli	521	351	170
Frístundastarf	34	43	-9
Samtals	907	703	204


## Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 1.312 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,7%. Þar af telur sviðið að beinn kostnaður vegna Covid-tengdra þátta og raka- og mygluskemmda nemi um 161 m.kr.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.214 m.kr. umfram fjárheimildir og var leikskólahlutinn þar umfangsmestur með 876 m.kr. frávik. Kostnað umfram fjárheimildir má að hluta rekja til fjarvista vegna veikinda sem kallaði á aukna mönnun. Grunnskólahlutinn var einnig með mikil frávik eða 314 m.kr.
- Hráefniskostnaður mótuneyta og aðkeyptur matur var 326 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Á tímabilinu nam halli borgarrekinn grunnskóla um 577 m.kr. Í heildina voru 17 með afgang en aðrir með halla.
- Leikskólahluti var 1.003 m.kr. yfir fjárheimildum eða 6,5%. Allir borgarrekni leikskólar nema 2 voru með halla samtals 1.254 m.kr.
- Í ársbyrjun 2022 hefur sviðið með þátttöku FAS unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla. Stefnt er að vinnu við líkanið ljúki á þessu ári.

## Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Í borgarreknum grunnskólum er raunkostnaður 577 m.kr. umfram fjárheimildir. Á síðasta ári var samþykkt nýtt reiknilíkan fyrir grunnskóla og fjárheimildir auknar um 1,5 ma.kr. Samhliða nýja líkaninu voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla þar sem kemur fram hvernig bregðast skal við frávikum. Mikilvægt er að sviðið framfylgi þessum leikreglum og að stjórnendur móti aðgerðir til að rekstur stofnana verði innan fjárheimilda á árinu 2022. Sviðið vekur athygli á því í greinargerð sinni að skipulag á skólastarfi skólaárið 2021-2022 hafi farið fram að vori eða áður en nýtt líkan var samþykkt og frávik á fyrri hluta árs geti að hluta til skýrst af því. Í ljósi þessa er afar mikilvægt að starfið frá og með haustinu 2022 rúmist innan úthlutaðra fjárheimilda.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 1.254 m.kr. eða 10,4% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Útgjöld vegna leikskóla hafa frá árinu 2019 aukist yfir 40% miðað við fyrstu níu mánuði ársins á meðan barnafjöldi hefur aðeins aukist um 2,8%. Þessi kostnaðarauki skýrist ekki eingöngu af ytri aðstæðum svo sem launa og eða verðlags hækkunum. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða útfærslu á nýju leikskólalíkani.
- Nauðsynlegt er að mönnun á bæði grunn- og leikskólum sé rýnd áfram í samanburði við áætluð stöðugildi samkvæmt úthlutunar líkönum og fjárheimildir sem stofnanir hafa og byggðar eru á barnafjölda, úthlutun kennslustunda og stöðugilda miðað við það og markvisst unnið að fækkun þar sem umfram mönnun reynist vera eða tilflutningi milli stofnana.


## 1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	3.526	3.428	98	2,9%
Laun og launat. gj.	2.646	2.629	16	0,6%
Annar rekstrark.	11.208	10.614	593	5,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>10.327</b>	<b>9.816</b>	<b>511</b>	<b>5,2%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið janúar - september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 10.327 m.kr.** eða 511 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 5,2%.



## Þjónustupættir USK

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægar einingar	199	199	1	474	493	-19	455	485	-30	729	779	-50	-6,4%
Skipulagsfulltrúi	89	43	45	154	175	-21	111	101	10	176	233	-56	-24,4%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	1.003	902	101	325	364	-38	411	450	-39	-267	-89	-178	200,0%
Byggingarfulltrúi	85	111	-26	201	191	10	7	38	-32	122	118	4	3,4%
Umvhverfisgæði	1.977	1.989	-12	1.249	1.159	90	1.682	1.606	76	954	776	178	22,9%
Heilbrigðiseftirlit	98	111	-14	222	224	-2	19	17	2	143	130	13	10,1%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	24	23	2	0	0	0	929	922	8	905	899	6	0,7%
Rekstur og umhirða borgarlands	51	50	1	21	24	-3	7.594	6.996	599	7.565	6.969	595	8,5%
<b>Samtals</b>	<b>3.526</b>	<b>3.428</b>	<b>98</b>	<b>2.646</b>	<b>2.629</b>	<b>16</b>	<b>11.208</b>	<b>10.614</b>	<b>593</b>	<b>10.327</b>	<b>9.816</b>	<b>511</b>	<b>5,2%</b>

**Samgöngustjóri og borgarhönnun** var 178 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, sem var einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 150 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 89 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 40 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 22 m.kr. innan fjárheimilda.

**Umvhverfisgæði** var 178 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Tekjur voru 12 m.kr. lægri en áætlun ársins sem var einkum vegna tekna af sorphirðugjaldi 18 m.kr. Laun og launatengd gjöld voru 90 m.kr. umfram fjárheimildir einkum vegna Sorphirðu 37 m.kr. sem kom til vegna mikillar yfirvinnu í kjölfar ótíðar og covid faraldurs. Einnig var Vinnuskólinn 55 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins, aðallega vegna launa. Annar rekstrarkostnaður var 76 m.kr. umfram fjárheimildir einkum vegna Sorphirðunnar eða 54 m.kr. sem rekja má til hærri viðhaldskostnaðar bifreiða 25 m.kr. og jarðvegstípps í Bolaöldum 20 m.kr.

**Rekstur og umhirða borgarlandsins** var 595 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 601 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 488 m.kr. umfram fjárheimildir og óútseldan kostnað hverfastöðva á verk að upphæð 163 m.kr. sem var færður á U9040 Rekstur gatna og opinna svæða.


### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur og umhirða borgarlands var 595 m.kr. umfram fjárheimildir, einkum vegna vetrarþjónustu 488 m.kr. og óútselds kostnaðar hverfastöðva á verk 163 m.kr.

### Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 488 m.kr. umfram fjárheimildir á fyrri hluta ársins vegna þess að veturinn var afar snjópungur. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Settur hefur verið af stað stýrihópur til að rýna vetrarþjónustuna m.a. út frá þjónustustigi.

## 1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	5.157	4.390	767	17,5%
Laun og launat. gj.	20.454	19.790	664	3,4%
Annar rekstrark.	11.471	10.523	948	9,0%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>26.768</b>	<b>25.923</b>	<b>846</b>	<b>3,26%</b>

tekjur skýrast einnig af frístundastyrk sem nemur 128 m.kr. styrk til Keðjunnar upp á 18,8 m.kr. vegna 12-16 ára barna í viðkvæmri stöðu og covid styrkjum fyrir aldraða og fatlað fólk samtals 60,4 m.kr. sem voru færðir milli ára og verða nýttir á árinu. Tekjur vegna þjónustu í neyðarskýlum, Konukoti og við íbúa frá öðrum sveitarfélögum, sem erfitt er að áætla fyrir er einnig ástæða fráviks.

**Laun og launatengd** gjöld voru 664 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,4% sem skýrist meðal annars af Covid-19 kostnaði, alls 200,3 m.kr. Samtals 70 m.kr. frávik skýrist af breytingum á úrræði sem færa þurfti vegna myglu og 20,6 m.kr. skýrast af millifærðum launum af fjárhagsaðstoð vegna uppgjors vinnumarkaðsúrræðis sem ekki var áætlað fyrir. Annað frávik skýrist helst af fjölþættum vanda í búsetu, álag í þyngstu kjörnum og veikindi starfsmanna en sífellt er unnið í lausnum.

**Annar rekstrarkostnaður** var 948 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Gjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru á tímabilinu 1.586 m.kr. eða 977 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar.

### Þjónustupættir Velferðarsviðs

Þjónustupættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	87	-1	89	3.076	3.290	-215	904	877	27	3.892	4.169	-277	-7%
Samningar, framlög og styrkir	98	42	56	34	73	-39	3.968	3.336	632	3.904	3.366	537	16%
Búsetuúrræði	113	60	54	8.412	8.237	175	751	1.082	-330	9.049	9.258	-209	-2%
Félagsmiðstöðvar	71	82	-12	233	293	-59	337	325	13	500	535	-35	-7%
Dagþjónusta	134	139	-5	526	514	12	150	160	-10	542	535	7	1%
Heimþjónusta	119	138	-19	1.721	1.694	28	298	435	-137	1.900	1.990	-90	-5%
Heimahjúkrun	1.781	1.681	100	1.381	1.375	6	432	321	111	33	15	18	120%
Hjúkrunarheimili	1.421	1.256	165	1.390	1.131	259	406	321	85	375	196	179	92%
Þjónustuíbúðir	127	125	3	924	794	130	184	153	31	980	823	157	19%
Stuðnings- og stoðþjónusta	-1	0	-1	1.686	1.604	81	574	541	34	2.261	2.145	116	5%
Keðjan	0	0	0	0	0	0	283	193	90	283	193	90	46,7%
Framleiðslueldhús	218	231	-12	196	196	0	214	191	23	191	156	35	22%
Virkniverkefni	0	0	0	152	141	10	43	38	5	195	179	16	9%
NPA	0	0	0	0	0	0	973	916	57	973	916	57	6%
Úrræði Barnavernd	0	0	0	0	0	0	1.197	628	569	1.197	628	569	91%
Hælisleitendur og flóttamannaverkefni	775	590	186	304	143	161	484	473	12	13	26	-13	-51%
Önnur Verkefni	213	49	164	420	304	116	274	536	-263	481	792	-311	-39%
<b>Samtals</b>	<b>5.157</b>	<b>4.390</b>	<b>767</b>	<b>20.454</b>	<b>19.790</b>	<b>664</b>	<b>11.471</b>	<b>10.523</b>	<b>948</b>	<b>26.768</b>	<b>25.923</b>	<b>846</b>	<b>3,26%</b>

## Helstu frávík

**Stjórnsýsla, sérfræðipjónusta og ráðgjöf** voru 277 m.kr. innan fjárheimilda eða 7%. Frávík skýrist af aukinni tímabundinni fjárheimild samtals 159 m.kr. vegna tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga en einungis er búið að nýta um 28,5 m.kr. Frávík skýrist einnig af styrkjum vegna Covid-19 fyrir félagsstarf aldraðra og fatlaðra.

**Samningar, framlög og styrkir** voru 537 m.kr. umfram fjárheimildir eða 16%. Frávík skýrist helst af samningum vegna barna og ungmenna með þroska og geðraskanir en auk þess vegna ónægilegra fjárheimilda vegna lögbundinna verkefna fyrir ferðapjónustu fatlaðra, félagsmiðstöð Sléttuvegi og orlofsnefnd húsmæðra. Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum vegna þessa.

**Búsetuúrræði** sviðsins, þ.e. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk og úrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir, voru 209 m.kr. innan fjárheimilda eða 2%. Covid-19 kostnaður vegna launa var 106,5 m.kr. og 9,6 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar á tímabilinu.

**Félagsmiðstöðvar** voru 35 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist helst af undirfráviki í félagsmiðstöðinni Lönguhlíð. Í Lönguhlíð er félagsmiðstöð og þjónustuíbúðir rekið samhliða en rekstur þjónustuíbúða var umfram fjárheimildum og rekstrarniðurstaðan verður á pari.

**Heimahjúkrun** var 18 m.kr. umfram fjárheimildir en 30 m.kr. bæting vegna hagvaxtarauka frá apríl – september kemur inn í október.

**Hjúkrunarheimili** voru 179 m.kr. umfram fjárheimildir eða 92%. Droplaugarstaðir voru 131,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 86%. Frávík skýrist af kostnaði vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu, endurmati starfa aftur í tímann og af auknum lyfja- og lækna-kostnaði. Einnig voru stöðugildi á mánuði fleiri en áætlað var en gripið hefur verið til aðgerða og stöðugildum fækkað. Óskað verður eftir bætingu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna endurmats starfa og hagvaxtarauka, samtals 51,3 m.kr. Frávík skýrist einnig af auknu hlutfalli veikinda milli ára eða 8,9% samanborið við 5,1% á sama tímabili í fyrra. Óbættur kostnaður vegna langtímaveikinda á Droplaugarstöðum er metinn um 35 m.kr. og óskað verður eftir bætingu fyrir kostnaðinum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Seljahlíð var 47,4 m.kr. umfram fjárheimildir eða 113% sem skýrist af endurmati starfa aftur í tímann og því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými. Óskað verður eftir bætingu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna endurmats starfa og hagvaxtarauka, samtals 11,4 m.kr. Veikindahlutfall jókst úr 6,8% í 9,9% milli ára og óbættur kostnaður vegna langtímaveikinda fyrir tímabilið er 4,5 m.kr. en óskað verður eftir bætingu frá Sjúkratryggingum Íslands.

**Þjónustuíbúðir** voru 157,4 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávík skýrist meðal annars af sameiginlegum rekstri þjónustuíbúða og félagsmiðstöðvar í Lönguhlíð en rekstur félagsmiðstöðvarinnar er á móti 35 m.kr. innan fjárheimilda. Einnig á eftir að færa til fjárheimild vegna starfsmanna sem færðir voru af heimastuðning Vesturmiðstöð yfir á Lindargötu.

**Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímvistanir og stuðningsfjölskyldur** voru 116,3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5%. Þar af voru skammtímvistanir fyrir börn 100,6 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðningsþjónusta fyrir börn 50,7 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 54,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 86% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna 38,4 m.kr. umfram fjárheimildir eða 30%. Stuðningsþjónusta í heild sinni var 104,4 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekja má yfirfrávikin til fjölgunar stuðningsfjölskyldna og rýmkunar á reglum sem voru settar til samræmis við reglugerð félagsmálaráðuneytis, sem tóku gildi 1. mars 2020. Fram kemur í reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga að heimilt sé að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfellt. Samkvæmt leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kemur fram að þjónustan geti verið allt að 15 sólarhringar á mánuði. Framlög til stuðningsþjónustu duga ekki enn til að sinna lögbundnum verkefnum þrátt fyrir hækkun fjárheimilda 2022.

**Úrræði barnaverndar** voru í heild 569 m.kr. umfram fjárheimildir eða 91%. Frávík skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir eru vistuð utan heimilis. Fjöldi barna vistuð í Klettabæ eru samtals 9 á tímabilinu. Meðferðaheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Þá hefur kostnaður fyrir hvert barn sem vistast í slíkum úrræðum vaxið vegna launahækkana og betri vinnutíma í vaktavinnu. Sótt hefur verið um framlag til sérfræðiteymis félagsmálaráðuneytisins til að standa straum af kostnaði vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Ekki liggur fyrir hversu háar greiðslur Reykjavíkurborg fær í gegnum sérfræðiteymið en það hefur 500 m.kr. til umráða á ársgrundvelli fyrir allt landið. Barnavernd fékk einnig endurgreiðslu að upphæð 41 m.kr. árið 2021 frá jöfnunarsjóði vegna þjónustu við börn af erlendum uppruna og gert er ráð fyrir sambærilegri greiðslu 2022.

**Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs** var 8,9% samanborið við 6,2% á tímabilinu janúar-september á síðasta ári sem skýrist af veikindum vegna Covid-19.

## Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	169	72	97	135,7%
Laun og launat. gj.	9.137	9.055	82	0,9%
Annar rekstrark.	4.675	4.352	322	7,4%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>13.644</b>	<b>13.336</b>	<b>307</b>	<b>2,3%</b>

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 13.664 m.kr. sem var 307 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,3%. Tekjur voru 169 m.kr. eða um 97 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 9.137 m.kr. eða 82 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%. Annar rekstrarkostnaður var 4.675 m.kr. sem var 322 m.kr. eða 7,4% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af samningum um vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir samtals 589,4 m.kr. Óbættur kostnaður vegna Covid-19 í málaflokknum nam 110 m.kr. vegna launa og 9,5 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Langvarandi álag vegna Covid-19 hefur einnig leitt af sér hærrí veikindahlutfall.

### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 846 m.kr. yfir fjárheimildum eða 3,26% sem skýrist einkum af frávikum vegna Covid-19 kostnaðar, vistgreiðslum barnaverndar og þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Tekjur voru 767 m.kr. hærrí en áætlun sem rekja má að mestu til samnings vegna móttöku flóttafólks, til frístundastyrks og covid styrkja fyrir aldraða og fatlað fólk sem voru færðir milli ára og verða nýttir á árinu.
- Laun og launatengd gjöld voru 664 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,4% sem má rekja meðal annars til kostnaðar vegna Covid-19 og húsnæðisvanda vegna myglu sem hefur í för með sér hærrí launakostnað.
- Annar rekstrarkostnaður var um 948 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9,0%. sem skýrist einkum vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

### Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Stuðnings- og stoðþjónusta var 116 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5%, en Keðjan var áfram töluvert umfram fjárheimildir eða 90 m.kr. Í greinargerð sviðsins er meðal annars vísað til þess að aukin útgjöld megi rekja til breytinga á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með afar óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 977 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Útgjöld vegna barnaverndar voru 569 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum og ekki síst í kjölfar Covid-19. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Það er mikilvægt að mörkuð sé stefna um fjármögnun málaflokksins til lengri tíma litið.
- Rekstur hjúkrunarheimila var 179 m.kr. umfram fjárheimildir. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði. Nauðsynlegt er að leita leiða til að ná fram hagkvæmni í rekstri heimilisins. Þá er nauðsynlegt að sækja hækkanir á daggjöldum til ríkisins og tryggja fulla fjármögnun hjúkrunarheimilanna.
- Daggjöldin standa ekki undir þeim kostnaði sem kostar að reka heimilin. Hækkun daggjalda um 3,35% þann 1. maí 2022 hefur ekki staðið undir kostnaðarauka vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu. Þennan kostnaðarauka þarf að sækja til ríkisins.

## 1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	0	0	0	0,0%
Annar rekstrark.	4.067	3.853	213	5,5%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>4.067</b>	<b>3.853</b>	<b>213</b>	<b>5,5%</b>

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld bundinna liða voru 4.067 m.kr.** sem var


213 m.kr. eða 5,5% umfram fjárheimildir. Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 3.045 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.022 m.kr.

**Fjárhagsaðstoð:** Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 3.045 m.kr. á árinu sem var 187 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,5%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og nam endurgreiðslan 962 m.kr. árið 2021.

Fjárhagsaðstoð (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Framfærslustyrkur	2.302	2.137	165	7,7%
Heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar	541	475	66	13,9%
Heimildagreiðslur - Átaksverkefni	167	146	21	14,3%
Heim. gr. 16.gr. Aaðstoð v/barna	35	100	-65	-64,9%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.045</b>	<b>2.858</b>	<b>187</b>	<b>6,5%</b>

**Framfærslustyrkur** nam 2.302 m.kr. sem var 165 m.kr. eða 7,7% umfram fjárheimildir. Notendum hefur fjölgað um 706 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 23,4 % og eru nú 3.722 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er árs. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritíð sýnir fjölda í hverjum mánuði.


Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan. - sept. 2022	Fjöldi jan. - sept. 2021	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	3.722	3.016	706	23,4%
Fjárhagsaðstoð 6. mán. eða lengur	832	854	-22	-2,6%
Framfærslustyrkur	2.762	2.087	675	32,3%
Heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar	2.472	1.439	1.033	71,8%



**Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar** voru alls 541 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 66 m.kr. umfram fjárheimildir eða 13,9%. Átaksverkefni voru 21 m.kr. umfram fjárheimildir eða 14,3%. Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna var innan fjárheimilda um 65 m.kr. eða 64,9% innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur í heild voru því 22 m. kr. umfram fjárheimildir. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fjölgað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjölgun flóttamanna skýrir aukningu notenda á fjárhagsaðstoð og fjölgun heimildargreiðslna. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur í janúar til september 2022 var 2.472 sem var fjölgun um 1.033 notendur eða 71,8% miðað við sama tímabil árið 2021.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur:** Kostnaður var 1.022 m.kr. sem var 26 m.kr. eða 2,6% umfram fjárheimildir.

Sérstakur húsnæðisstuðningur (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	463	456	7	1,5%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn.	558	539	19	3,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.022</b>	<b>996</b>	<b>26</b>	<b>2,6%</b>



Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan. - sept. 2022	Fjöldi jan. - sept. 2021	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	2.070	2.003	67	3,3%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn.	2.042	1.986	56	2,8%


**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði** var 463 m.kr. eða 7 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum fjölgaði um 67 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritíð sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði. **Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði** var 558 m.kr. eða 19 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 56 frá sama tímabili 2021.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 213 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,5%. Þar af var fjárhagsaðstoð 187 m.kr. eða 6,5% umfram fjárheimildir en sérstakur húsnæðisstuðningur var 26 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,6%.
- Tekjur frá ríkinu vegna aðstoðar við erlenda ríkisborgara eru væntanlegar í árslok um 757 m.kr. Ætla má að tekjur vegna tímabilsins nemi um 568 m.kr. vegna þessa liðar en þær eru ófærðar.




## 1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	49	64	-15	-23,1%
Laun og launat. gj.	1.235	1.195	40	3,4%
Annar rekstrark.	227	325	-98	-30,3%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.412</b>	<b>1.456</b>	<b>-43</b>	<b>-3,0%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir tímabilið janúar - september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld** voru 1.412 m.kr. eða 43 m.kr. innan fjárheimilda.



**Tekjur** voru 49 m.kr. eða 15 m.kr. undir áætlun. Aðallega vegna styrkja frá EU sem voru undir áætlun og eftir er að gera reikninga hjá innri endurskoðun og ráðgjöf.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.235 m.kr. eða 40 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun vegna kostnaðarstaða á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara voru 49 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 227 m.kr. sem var 98 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

### Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Borgarlögmaður	1	0	1	115	110	4	5	14	-9	119	124	-5	-4,2%
Innri endurskoðun og ráðgjöf	8	30	-22	149	147	2	31	32	-1	171	149	22	14,8%
Mannréttindaskrifstofa	7	3	5	194	207	-13	46	79	-34	232	284	-52	-18,3%
Skrifst. borgarstjóra og borgarritara	33	31	2	323	273	49	84	127	-43	374	369	4	1,1%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	455	457	-2	61	72	-11	517	529	-13	-2,4%
<b>Samtals</b>	<b>49</b>	<b>64</b>	<b>-15</b>	<b>1.235</b>	<b>1.195</b>	<b>40</b>	<b>227</b>	<b>325</b>	<b>-98</b>	<b>1.412</b>	<b>1.456</b>	<b>-43</b>	<b>-3,0%</b>


**Borgarlögmaður** var 5 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innri endurskoðun og ráðgjöf** var 22 m.kr. umfram fjárheimildir vegna þess að eftir er gera reikninga.

**Mannréttindaskrifstofa** var 52 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð.

**Skrifstofa borgarstjórnar** var 13 m.kr. innan fjárheimilda.

## 1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1	0	0	42,6%
Laun og launat. gj.	641	770	-128	-16,7%
Breyting lífeyriskb.	2.925	2.025	900	44,4%
Annar rekstark.	1.919	1.953	-34	-1,7%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>5.485</b>	<b>4.747</b>	<b>738</b>	<b>15,5%</b>

**Tekjur** voru samkvæmt áætlun.

**Laun** hjá sameiginlegum kostnaði voru 128 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna atvinnumála sem voru 70 m.kr. innan fjárheimilda og launakostnaður á ófyrirséðu var 25 m.kr. innan fjárheimilda.

**Gjaldfærsla lífeyriskuldbindingar v. LsRB** nam 2.925 m.kr. sem var 900 m.kr. umfram fjárheimilda vegna verri ávöxtunar eigna lífeyrissjóðsins.



**Annar kostnaður** hjá sameiginlegum kostnaði var 34 m.kr. innan fjárheimilda. Styrkir og ýmis framlög voru 53 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 4 m.kr. innan fjárheimilda. Rekstur miðlægs tölvukerfis var 9 m.kr. innan fjárheimilda, Innheimtukostnaður skatttekna var 10 m.kr. umfram fjárheimildir. Starfsmannakostnaður var 10 umfram fjárheimildir þar af voru slysabætur 26 m.kr. innan fjárheimilda. Kosningar voru samkvæmt áætlun. Ýmis kostnaður var 13 m.kr. umfram fjárheimildir þar af ófyrirséð 25 m.kr. umfram fjárheimildir.

### Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	421	475	-53	421	475	-53	-11,3%
Atvinnumál	0	0	0	258	328	-70	7	11	-4	265	339	-74	-21,9%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0	11	9	2	90	98	-9	100	107	-7	-6,4%
Innheimtukostnaður skatttekna	0	0	0	0	0	0	433	423	10	433	423	10	2,3%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	11	47	-37	123	113	10	133	160	-27	-16,6%
Kosningar	0	0	0	77	77	0	61	61	0	138	138	0	0,0%
Ýmis kostnaður	1	0	0	-5	19	-24	785	772	13	780	791	-11	-1,3%
Gjaldfærsla vegna Brúar lsj.			0	289	289	0			0	289	289	0	0,0%
Breyting á lífeyriskuldbindingu LsRB			0	2.925	2.025	900			0	2.925	2.025	900	44,4%
<b>Samtals</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3.566</b>	<b>2.795</b>	<b>772</b>	<b>1.919</b>	<b>1.953</b>	<b>-34</b>	<b>5.485</b>	<b>4.747</b>	<b>738</b>	<b>15,5%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 5.485 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir 4.747 m.kr. sem var 738 m.kr. eða 15,5% umfram fjárheimildir.



**Styrkir og ýmis framlög** voru 53 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega 47 m.kr. innan fjárheimilda.

**Atvinnumál** voru 74 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að dreifingin var önnur en áætlað var.

**Rekstur miðlægra tölvukerfa** var 7 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innheimtukostnaður skatttekna** var 10 m.kr. umfram fjárheimilda.


**Starfsmannakostnaður** var 27 m.kr. innan fjárheimilda vegna slysabóta.

**Kosningar** voru samkvæmt fjárheimildum.

**Ýmis kostnaður** var 11 m.kr. innan fjárheimilda.

**Breyting á lífeyrisskuldbindingum** var 900 m.kr. umfram fjárheimildir vegna verri ávöxtunar eigna lífeyrissjóðsins.


## 1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið



Rekstur FAS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	39	32	6	18,6%
Laun og launat. gj.	954	919	35	3,8%
Annar rekstrark.	173	192	-19	-9,9%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.089</b>	<b>1.079</b>	<b>10</b>	<b>1,0%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri fjármála- og áhættustýringarsviðs fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 1.089 m.kr.** eða 10 m.kr. umfram fjárheimildir.



**Tekjur** voru 39 m.kr. eða 6 m.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri umsýsluþóknunar.

**Laun og launatengd gjöld** voru 954 m.kr. eða 35 m.kr.

umfram fjárheimildir. Þar af voru laun á innkaupaskrifstofu 14 m.kr. umfram fjárheimildir og laun á launaskrifstofu voru 28 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 173 m.kr. sem var 19 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið

Málaflokkar FAS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Áætlana og uppgjörsskrifstofa	0	0	0	99	99	0	4	5	-1	103	104	-1	-0,7%
Bókhaldsskrifstofa	1	0	1	188	191	-3	36	40	-4	222	231	-9	-3,7%
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	1	1	0	78	78	0	11	10	1	88	87	1	1,4%
Innkaupaskrifstofa	35	32	4	101	87	14	61	64	-3	126	120	7	5,7%
Launaskrifstofa	0	0	0	246	219	28	40	42	-2	286	261	26	9,9%
Skrifstofa áhættustýringar	0	0	0	54	53	1	3	7	-4	57	60	-3	-4,4%
Skrifstofa sviðstjóra FAS	1	0	1	188	192	-4	18	24	-7	205	216	-11	-5,3%
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>32</b>	<b>6</b>	<b>954</b>	<b>919</b>	<b>35</b>	<b>173</b>	<b>192</b>	<b>-19</b>	<b>1.089</b>	<b>1.079</b>	<b>10</b>	<b>1,0%</b>


**Bókhaldsskrifstofa** var 9 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innkaupaskrifstofa** var 7 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Launaskrifstofa** var 26 m.kr. umfram fjárheimildir vegna launakostnaðar.

**Skrifstofa sviðstjóra FAS** var 11 m.kr. innan fjárheimilda.


## 1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið



Rekstur MOS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	18	2	17	1108,4%
Laun og launat. gj.	222	209	12	5,9%
Annar rekstrark.	93	80	13	16,4%
Nettó útgjöld	296	288	9	3,1%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri mannauðs- og starfsþróunarsviðs fyrir tímabilið janúar - september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 296 m.kr. eða 9 m.kr. umfram fjárheimildir.**



**Tekjur** voru 18 m.kr. eða 17 m.kr. yfir áætlun vegna styrkja frá stéttafélögum og vegna vinnu fyrir Samband íslenskra sveitafélaga 2021.

**Laun og launatengd gjöld** voru 222 m.kr. eða 12 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 93 m.kr. eða 13 m.kr. umfram fjárheimildir.

### Mannauðs - og starfsþróunarsvið

Þjónustubættir MOS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Skrifstofa kjaramála	0	0	0	56	53	2	5	4	1	61	57	3	6,1%
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	0	0	0	40	44	-4	0	0	0	40	44	-4	-8,8%
Skrifstofa sviðstjóra MOS	11	2	10	72	73	0	56	41	15	118	112	5	4,5%
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	0	0	0	43	39	4	0	0	0	44	39	4	10,7%
Verkefnastofa starfsmats	7	0	7	11	0	11	31	35	-4	35	35	0	-0,5%
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>2</b>	<b>17</b>	<b>222</b>	<b>209</b>	<b>12</b>	<b>93</b>	<b>80</b>	<b>13</b>	<b>296</b>	<b>288</b>	<b>9</b>	<b>3,1%</b>

**Skrifstofa kjaramála** var 3 m.kr. umfram fjárheimildir.


**Skrifstofa ráðninga og mönnunar** var 4 m.kr. innan fjárheimilda.

**Skrifstofa sviðstjóra MOS** var 5 m.kr. umfram fjárheimilda.

**Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis** var 4 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Verkefnastofa starfsmats** var samkvæmt áætlun.


## 1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Rekstur PON (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.266	1.159	107	9%
Laun og launat. gj.	828	997	-168	-17%
Annar rekstrark.	2.801	2.453	348	14%
Nettó útgjöld	2.364	2.291	73	3%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 2.364 m.kr.** eða 73 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%.



**Tekjur** námu 1.266 m.kr. eða 107 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 123 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Aðrar tekjur voru samtals 16 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna

hlutdeildar Bílastæðasjóðs í samkostnaði Ráðhúskjallara sem er greitt í einu lagi í lok árs en áætlun gerði ráð fyrir jafnri dreifingu á greiðslum yfir árið.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 828 m.kr. eða 168 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Frávik frá launaáætlun er tilkomin þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt vegna aukinnar aðkomu starfsmanna í fjárfestingaverkefnum umfram það sem áætlað var. Að sama skapi þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 2.801 m.kr. sem var 348 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 2.408 m.kr. en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 3.187 m.kr.

### Þjónustu- og nýsköpunarsvið


Þjónustubættir PON (m.kr.)	Tekjur	Áætlaðar tekjur	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlað laun & launatengd gjöld	Frávik	Annar kostnaður	Áætlaður annar kostnaður	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun tímabils	Frávik í m.kr.	Frávik í %
Borgarskjalasafn	4	1	3	77	76	0	59	56	3	132	131	0	0%
Gagnþjónusta	14	14	0	95	100	-5	65	70	-6	146	156	-10	-6%
Rekstrarþjónusta	62	82	-20	54	55	0	339	352	-12	332	325	7	0%
Stafræn Reykjavík	0	0	0	56	76	-21	134	107	27	189	183	6	3%
Skrifstofa sviðstjóra PON	63	62	1	108	131	-24	45	66	-21	89	136	-46	-34%
Upplýsingatæknipjónusta	1.105	983	123	295	371	-76	2.058	1.709	349	1.247	1.097	150	14%
Þjónustuhönnun	17	18	0	145	188	-43	101	93	8	229	263	-35	-13%
<b>Rekstur Aðalsjóðs samtals</b>	<b>1.266</b>	<b>1.159</b>	<b>107</b>	<b>828</b>	<b>997</b>	<b>-168</b>	<b>2.801</b>	<b>2.453</b>	<b>348</b>	<b>2.364</b>	<b>2.291</b>	<b>73</b>	<b>3,2%</b>
Eignasjóður fjárfestingar	0	0	0	0	0	0	2.408	3.187	-779	2.408	3.187	-779	-24%
<b>Aðalsjóður og Eignasjóður samtals</b>	<b>1.266</b>	<b>1.159</b>	<b>107</b>	<b>828</b>	<b>997</b>	<b>-168</b>	<b>5.209</b>	<b>5.640</b>	<b>-431</b>	<b>4.771</b>	<b>5.478</b>	<b>-706</b>	<b>-13%</b>

**Skrifstofa sviðstjóra** var 46 m.kr. innan fjárheimilda. Launakostnaður var innan fjárheimilda vegna starfsmannabreytinga.

**Upplýsingatæknipjónusta** var samtals 150 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 123 m.kr. yfir áætlun og var tilkomið vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Frávik í launum er tilkomið þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt þar sem starfsmenn hafa verið í fjárfestingarverkefnum í meira mæli en áætlað var. Þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist á móti þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

**Þjónustuhönnun** var samtals 35 m.kr. innan fjárheimilda. Laun og launatengd gjöld voru samtals 43 m.kr. innan fjárheimilda vegna aukinnar aðkomu starfsmanna að fjárfestingarverkefnum umfram það sem áætlað var.

## 1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Framlög (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Strætó	2.313	2.039	273	13,4%
Slökkvilið hbsv.	958	986	-28	-2,8%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.271</b>	<b>3.025</b>	<b>245</b>	<b>8,1%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


**Framlög til B-hluta fyrirtækja** námu 3.271 m.kr. og voru 245 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Strætó:** Framlag til Strætó var 2.313 m.kr. eða um 273 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var framlag til nemaverkefnis 163 m.kr. og var það 14 m.kr. umfram fjárheimildir.

Reglubundið framlag var 259 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af fyrirframgreiðslu á eins mánaðar framlagi.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:** Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 958 m.kr. og var það 28 m.kr. innan fjárheimilda.

## 2. Eignasjóður




Rekstur Eignasjóðs (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Leigutekjur	21.989	21.867	121	0,6%	18.594	3.394	18,3%
Sala byggingarréttar	2.241	3.750	-1.509	-40,2%	1.628	614	37,7%
Sala fastafjármuna	665	299	366	122,5%	106	560	529,7%
Aðrar tekjur	679	688	-8	-1,2%	831	-151	-18,2%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>25.575</b>	<b>26.604</b>	<b>-1.030</b>	<b>-3,9%</b>	<b>21.158</b>	<b>4.416</b>	<b>20,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	-1.881	-2.042	161	-7,9%	-1.812	-69	3,8%
Annar rekstrarkostnaður	-5.274	-5.528	254	-4,6%	-4.769	-506	10,6%
Afskriftir	-5.181	-5.425	245	-4,5%	-4.618	-563	12,2%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-12.336</b>	<b>-12.995</b>	<b>659</b>	<b>-5,1%</b>	<b>-11.199</b>	<b>-1.137</b>	<b>10,2%</b>
Fjármagnsliðir	-12.497	-6.231	-6.266	100,6%	-6.596	-5.901	89,5%
<b>EBITDA</b>	<b>18.420</b>	<b>19.035</b>	<b>-615</b>	<b>-3,2%</b>	<b>14.578</b>	<b>3.842</b>	<b>26,4%</b>
<b>EBIT</b>	<b>13.239</b>	<b>13.610</b>	<b>-371</b>	<b>-2,7%</b>	<b>9.960</b>	<b>3.279</b>	<b>32,9%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>742</b>	<b>7.379</b>	<b>-6.637</b>	<b>-89,9%</b>	<b>3.363</b>	<b>-2.621</b>	<b>-77,9%</b>

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 742 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.379 m.kr. og niðurstaðan því 6.637 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** voru 25.575 m.kr. eða 1.030 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 21.989 m.kr. eða 121 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 101 m.kr. undir áætlun, innri leiga var 222 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 2.241 m.kr. og var 1.509 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** skilaði hagnaði sem nam 665 m.kr. og var 366 m.kr. yfir áætlun og **aðrar tekjur** voru 679 m.kr. eða 8 m.kr. undir áætlun.






**Rekstrargjöld** námu 12.336 m.kr. eða 659 m.kr. innan fjárheimilda. **Annar rekstrarkostnaður** var 5.274 m.kr. eða 254 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var Eignaskrifstofa 153 m.kr. innan fjárheimilda, skrifstofa miðlægrar stjórnarsýslu 25 m.kr. innan fjárheimilda og Umhverfis- og skipulagssvið 75 m.kr. innan fjárheimilda.

**Nettó fjármagnsgjöld** voru 12.497 m.kr. eða 6.266 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu.

## Efnahagur

Efnahagur Eignasjóðs (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Óefnislegar eignir	3.160	2.044	1.116	54,6%
Fasteignir og lóðir	143.587	134.340	9.247	6,9%
Götur	32.133	28.973	3.160	10,9%
Áhöld og tæki	5.967	5.930	37	0,6%
Leigueignir	4.814	5.034	-220	-4,4%
Langtíma kröfur	1.447	833	614	73,7%
Veltufjármunir án handb.fjár	51.755	40.477	11.279	27,9%
Handbært fé	132	45	87	192,3%
Eignir samtals	242.995	217.677	25.319	11,6%
Eigið fé	89.684	88.942	743	0,8%
Langtímalána	126.516	106.048	20.468	19,3%
Leiguskuldir	10.154	9.961	193	1,9%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	10.247	8.456	1.790	21,2%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	80	87	-7	-7,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	6.314	4.183	2.132	51,0%
Skuldir samtals	153.311	128.735	24.576	19,1%
Skuldir og eigið fé samtals	242.995	217.677	25.319	11,6%



Með brúttó fjárfestingu er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

## Fjárfestingar

**Fjárfestingar** á tímabilinu námu 19.620 m.kr. eða um 3.621 m.kr. undir áætlun tímabilsins og námu 84% af framkvæmdaáætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.309 m.kr. eða 1.391 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting nam 18.311 m.kr. og reyndist 2.230 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar Eignasjóðs (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	10.765	11.631	-866	-7,4%
Samgöngumannvirki	5.569	7.038	-1.468	-20,9%
Annað	1.643	2.584	-941	-36,4%
Óefnislegar eignir	1.643	1.988	-345	-17,4%
Samtals fjárfesting - brúttó	19.620	23.241	-3.621	-15,6%
Gatnagerðargjöld	-1.309	-2.700	1.391	-51,5%
<b>Samtals fjárfesting - nettó</b>	<b>18.311</b>	<b>20.541</b>	<b>-2.230</b>	<b>-10,9%</b>

**Samgöngumannvirki** Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 5.569 m.kr. sem var um 21% undir áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.309 m.kr. eða 51,5% undir áætlun tímabilsins.

**Áhöld og tæki** Fjárfestingar námu 815 m.kr. sem er 48% undir áætlun tímabilsins.

**Óefnislegar eignir** Fjárfestingar námu 1.643. sem er 17% undir áætlun tímabilsins


**Lóðir, lönd og skipulagseignir** nam 359 m.kr. sem er 3% yfir áætlun tímabilsins.

**Endurbætur, sérstök átaksverkefni** Fjárfestingar námu 469 m.kr. sem er um 29% undir áætlun tímabilsins.

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Sala byggingaréttar nam 2.241 m.kr. á tímabilinu og var 1.509 m.kr. undir áætlun.
- Brúttó fjárfestingar á tímabilinu námu 19.620 m.kr. eða um 3.621 m.kr. undir áætlun tímabilsins og námu 84% af framkvæmdaáætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.309 m.kr. eða 1.391 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting nam 18.311 m.kr. og reyndist 2.230 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

## 2.1 Eignaskrifstofa (ESR)



Rekstur ESR (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	22.793	22.305	489	2,2%
Laun og launat. gj.	60	63	-2	-3,6%
Annar rekstark.	4.013	4.166	-153	-3,7%
Afskriftir	5.181	5.425	-245	-4,5%
Fjármagnsliðir	-12.497	-6.231	-6.266	100,6%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.043</b>	<b>6.420</b>	<b>-5.377</b>	<b>-83,8%</b>

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá eignaskrifstofu fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða Eignaskrifstofu var jákvæð um 1.043 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 6.420 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því lakari en áætlað var sem nam 5.377 m.kr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 13.540 m.kr. eða 889 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru 489 m.kr. yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 153 m.kr. innan fjárheimilda. Þá voru afskriftir 245 m.kr. undir áætlun.

**Tekjur** voru 22.793 m.kr. eða 489 m.kr. yfir áætlun og jafngildir það 2,2% frávik.

**Leigutekjur** voru 21.989 m.kr. eða 121 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Innri leiga önnur en leiga gatnakerfis var 222 m.kr. yfir áætlun. Þá var ytri leiga 101 m.kr. undir áætlun.

**Aðrar tekjur** voru 805 m.kr. eða 367 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins, en hagnaður af sölu fastafjármuna var 366 m.kr. yfir áætlun.


**Laun og launatengd gjöld** voru 60 m.kr. sem er 2 m.kr. innan fjárheimilda eða sem jafngildir 3,6% frávik.

**Annar rekstrarkostnaður** var 4.013 m.kr. eða 153 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 3,7% frávik.

**Afskriftir** voru 5.181 m.kr. eða 245 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir sem jafngildir 4,5% frávik.

**Fjármagnsliðir** Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 12.497 m.kr. og voru 6.266 m.kr. yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir sem jafngildir 100,6% frávik. Þar af eru fjármunatekjur 13,3 m.kr. hærri en áætlaði hafði verið og fjármagnsgjöld 6.280 m.kr. umfram áætlun þar sem verðbólga var hærri á tímabilinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

## 2.2 Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu (RHS ES)



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá skrifstofu miðlægrar stjórnarsýslu (RHS ES) fyrir tímabilið janúar - september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


**Rekstrarniðurstaða skrifstofu miðlægrar stjórnarsýslu (RHS ES) var jákvæð um 2.013 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 3.501 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því lakari sem nam 1.488 m.kr. en áætlað var.

**Tekjur** af sölu byggingarréttar voru 2.241 m.kr. eða 1.509 m.kr. undir áætlun og jafngildir það 40,2% frávikni.

**Annar rekstrarkostnaður** var 166 m.kr. eða 25 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 13,1% frávikni.

Rekstur RHSES (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	2.241	3.750	-1.509	-40,2%
Laun og launat. gj.	63	58	4	7,3%
Annar rekstark.	166	190	-25	-13,1%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.013</b>	<b>3.501</b>	<b>-1.488</b>	<b>-42,5%</b>

## 2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	540	550	-9	-1,7%
Laun og launat. gj.	1.758	1.921	-163	-8,5%
Annar rekstrark.	1.096	1.171	-75	-6,4%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>2.314</b>	<b>2.542</b>	<b>-228</b>	<b>-9,0%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í eignasjóði fyrir tímabilið janúar – september 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða umhverfis- og skipulagssviðs í eignasjóði var neikvæð um 2.314 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 2.542 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 228 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 9,0%.

**Tekjur** voru 540 m.kr. eða 9 m.kr. undir áætlun sem jafngildir 1,7%. **Rekstur deilda** var 26 m.kr. undir áætlun vegna milliviðskipta, en á móti voru tekjur vegna **útseldrar þjónustu** 16 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.758 m.kr. sem var 163 m.kr. innan fjárheimilda eða um 8,5%. **Fasteignir – viðhald** var 33 m.kr. innan fjárheimilda, **Hverfastöð Vestur** var 31 m.kr. innan fjárheimilda, **Götur, lóðir, opin svæði** voru 31 m.kr. innan fjárheimilda og **Verkefnastofa** var einnig 20 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Þessar einingar voru stofnaðar með skipulagsbreytingum í byrjun árs 2022 og starfsemi þeirra enn í mótun, ekki hefur náðst að ráða í laus stöðugildi. **Hverfastöð Jafnasel** var 25 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Hins vegar var **Skrifstofa framkvæmda og viðhalds** 20 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** var 1.096 m.kr. og reyndist 75 m.kr. innan fjárheimilda eða um 6,4%. **Rekstur deilda** var 130 m.kr. umfram fjárheimildir vegna milliviðskipta en á móti var kostnaður við viðhald fasteigna 208 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins.

**Rekstur USK í eignasjóði sem færast í aðalsjóð.** Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða færast yfir í aðalsjóð á gjalda og tekjulyklum miðað við raunkostnað. Þessir liðir hafa því ekki áhrif á rekstur eignasjóðs og því eingöngu gerð grein fyrir þeim í rekstri aðalsjóðs.

Málaflokkar USK ES (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2022	Frávik	%
Rekstur deilda	393	418	-26	1.758	1.921	-163	-1.365	-1.495	130	0	7	-7	N/A
Viðhald fasteigna	0	0	0	0	0	0	2.251	2.458	-208	2.251	2.458	-208	-8,4%
Ferlimál fatlaðs fólks	0	0	0	0	0	0	26	56	-30	26	56	-30	-53,6%
Færanlegar kennslustofur	0	0	0	0	0	0	0	20	-20	0	20	-20	-100,0%
Útseld þjónusta	147	131	16	0	0	0	184	131	53	37	0	37	N/A
<b>Samtals:</b>	<b>540</b>	<b>550</b>	<b>-9</b>	<b>1.758</b>	<b>1.921</b>	<b>-163</b>	<b>1.096</b>	<b>1.171</b>	<b>-75</b>	<b>2.314</b>	<b>2.542</b>	<b>-228</b>	<b>-9,0%</b>

**Viðhald fasteigna** var 2.251 m.kr. sem var 208 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 8,4%. Ekki var gert ráð fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað í áætlun sem var 132 m.kr. á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að viðhald fasteigna verði á áætlun í árslok.

**Útseld þjónusta:** Tekjur af útseldri þjónustu námu 147 m.kr. sem var 16 m.kr. yfir áætlun tímabilsins eða um 12,2%. Kostnaður við útselda þjónustu var 184 m.kr. eða 53 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 40,5%. Mismunur á tekjum og gjöldum verður reikningsfærður á síðari hluta ársins.

### 3. Lykiltölur mannaúðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannaúðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda greiddra yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 30. september árin 2021 og 2022. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

#### A-hluti

Lykiltölur um mannaúð - A-hluti	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	2.275	6.204	8.479	2.322	6.255	8.577	→ 1,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	251.212	408.962	660.175	241.237	343.100	584.337	↓ -11,5%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímabilinu	511.510	776.813	1.288.323	549.079	799.823	1.348.902	→ 4,7%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	215.179	626.104	841.283	206.924	625.993	832.917	→ -1,0%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	613	2.052	2.665	567	2.019	2.586	→ -3,0%

#### Sundurliðun einstök svið

Íþrótt- og tómstundasvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	175	150	325	176	157	333	→ 2,5%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	39.282	34.067	73.350	48.687	33.212	81.899	↑ 11,7%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímabilinu	58.248	49.945	108.193	62.008	55.106	117.114	↔ 8,2%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	19.663	2.929	22.592	20.562	4.467	25.029	↑ 10,8%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	33	25	58	28	28	56	→ -3,4%

Menningar- og ferðamálasvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	49	131	180	44	130	174	→ -3,3%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	6.235	8.683	14.918	5.615	12.055	17.670	↑ 18,4%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímabilinu	2.979	5.935	8.914	3.401	6.841	10.242	↑ 14,9%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	3.364	5.310	8.674	2.118	10.005	12.123	↑ 39,8%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	13	44	57	14	44	58	→ 1,8%

Skóla- og frístundasvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	964	3.856	4.819	953	3.870	4.823	→ 0,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	50.188	135.979	186.167	53.233	142.005	195.238	→ 4,9%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímabilinu	32.646	51.718	84.364	31.056	47.501	78.557	↔ -6,9%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	46.710	82.935	129.645	55.329	137.173	192.502	↑ 48,5%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	356	1.621	1.977	321	1.577	1.898	→ -4,0%

Velferðarsvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	616	1.679	2.295	681	1.703	2.384	→ 3,9%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	102.383	220.704	323.087	70.442	145.845	216.287	↓ -33,1%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímabilinu	386.574	667.620	1.054.194	424.102	688.366	1.112.468	↔ 5,5%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	104.733	527.070	631.803	102.483	463.525	566.008	↓ -10,4%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	123	289	412	115	285	400	→ -2,9%

Miðlæg stjórnsýsla	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	22	55	76	25	55	80	↔ 5,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	1.583	379	1.962	1.724	519	2.243	↑ 14,3%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)		903	903	1.793	1.794	3.587	↑ 297,2%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	5	9	14	4	10	14	→ 0,0%

Fjármála- og áhættustýringarsvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	27	79	107	31	81	112	→ 4,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu		43	43			0	↓ -100,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu		128	128		128	128	→ 0,0%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	42	364	406		363	363	↓ -10,6%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	8	16	24	6	13	19	↓ -20,8%

Mannauðs- og starfsumhverfissvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	3	21	24	3	16	19	↓ -20,8%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)		484	484		401	401	↓ -17,1%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	1	6	7	1	4	5	↓ -28,6%

Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	69	74	143	81	95	176	↑ 23,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	1.750		1.750	1.870		1.870	↔ 6,9%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	9.943		9.943	8.153		8.153	↓ -18,0%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	3.397	315	3.712	1.766	1.118	2.884	↓ -22,3%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	21	21	42	28	24	52	↑ 23,8%

Umhverfis- og skipulagssvið	2021-09			2022-09			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	349	160	509	327	148	476	↔ -6,5%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	51.374	9.486	60.860	61.390	9.983	71.373	↑ 17,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	19.538	1.087	20.625	18.636	1.362	19.998	→ -3,0%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	37.270	5.795	43.065	22.874	7.148	30.021	↓ -30,3%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	53	21	74	50	34	84	↑ 13,5%